

Tillaga um lágmarksmönnun starfsstöðva SSNE.

Í dag er SSNE með fjórar starfsstöðvar, á Akureyri, Húsavík, Raufarhöfn og Ólafsfirði.

- Á Akureyri eru þrír starfsmenn í fullu starfi. Voru 6 stöðugildi við sameiningu.
- Á Húsavík eru þrír starfsmenn, 3 stöðugildi í stað 2,6 við sameiningu.
- Á Raufarhöfn er starfsmaður í 30% starfi hjá SSNE (50% fyrir Norðurþing). Óbreytt frá sameiningu.
- Á Tröllaskaga er starfsmaður í 60% starfi hjá SSNE (40% fyrir sveitarfélögin), staðan var flutt frá Akureyri.

Til viðbótar við ofangreint erum við með tvo verkefnastjóra í brothættum byggðum, „Glæðum Grímsey“ og „Betri Bakkafjörður“. Einnig er starfsmaður í tímabundnum verkefnum á Akureyri varðandi kynningar- og markaðsmál.

Framkvæmdastjórinn er ekki með skilgreinda fasta staðsetningu, vinnur að jafnaði mánudaga, þriðjudaga og föstudaga á Akureyri, miðvikudaga og fimmtudaga á Húsavík og vinnur að minnsta kosti einn dag í hverjum mánuði í Ólafsfirði.

Eitt af viðfangsefnum SSNE er að styðja við það að til verði störf óháð staðsetningu í landshlutanum. Því þykir það mikilvægt að við störfum sjálf í þeim anda en einnig er eftirsóknarvert að fá sem besta dreyfingu starfa innan starfssvæðis okkar. En um leið þarf að tryggja lágmarksmönnun þeirra starfsstöðva sem við starfrækjum.

Til að móta umhverfi sem styður við ofangreint leggur stjórn SSNE fram eftirfarandi tillögu:

„Starfsstöðvar SSNE á Húsavík og á Akureyri verða hvor um sig mannaðar með tveimur stöðugildum að lágmarki og aðrar starfsstöðvar með ekki minna starfshlutfall en nú þegar er, þ.e. 30% stöðugildi í starfsstöð á austursvæði og 60% stöðugildi á Tröllaskaga. Að öðru leyti verða störf hjá SSNE hér eftir auglýst óháð staðsetningu innan starfssvæðis SSNE.“